



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

**Yfirlit um störf Menntamálanefndar SASS 2011 og
tillögur til ársþings SASS**

Október 2011

Skipan og störf nefndarinnar

Á síðasta aðalfundi voru eftirtalin kosin í menntamálanefndina: Eydís Indriðadóttir Ásahreppi formaður, Helgi Kjartansson, varaformaður, Bláskógabyggð, Ninna Sif Svavarsdóttir, Hveragerðisbæ, Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg og Helga Björk Ólafsdóttir Vestmannaeyjabæ. Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri starfaði með nefndinni. Nefndin hélt 4 fundi.

Meginverkefni nefndarinnar voru að vinna að undirbúningi Menntaverðlauna Suðurlands sem veitt voru í byrjun þessa árs, að undirbúa menntaþing sem haldið var í Gunnarsholti sl. vor og að fjalla um og samþykkja tillögur til ársþings SASS 2011 um menntamál.

Menntaverðlaun 2010

Menntamálanefnd SASS ákvað að þessu sinni að Fjölbrautaskóli Suðurlands hlyti Menntaverðlaun Suðurlands árið 2010 fyrir verkefnið "Skólinn í okkar höndum". Í verkefninu eru fjórir meginþættir: Olweusar-áætlunin gegn einelti, bættur skólabragur, dagamunur og heilsueflandi framhaldsskóli. Til verðlaunanna voru einnig tilnefnd Grunnskólinn Ljósaborg og Sesseljuhús, umhverfissetur á Sólheimum voru einnig tilnefnd. Verðlaunin voru afhent á hátíðarfundum Fræðslunets Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands 13. janúar sl. Þá voru einnig afhentir styrkir úr Vísinda-og rannsóknarsjóði Suðurlands. Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhenti styrkina og menntaverðlaunin.



Á myndinni eru fulltrúar Fjölbrautaskólans við verðlaunaafhendinguna með Forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni sem afhenti verðlaunin

Menntaþing í Gunnarsholti

Á fundi nefndarinnar í desember var samþykkt að efna til menntaþings í samræmi við tillögu nefndarinnar sem samþykkt var á ársþingi SASS á síðasta ári. Ákveðið var að leggja áherslu á að fjalla þar um þau sóknarfæri sem fyrir hendi eru í menntamálum á Suðurlandi undir yfirskriftinni: *Menntamál á tímamótum – tækifæri sunnlendinga*. Nefndin fól framkvæmdastjórum SASS, Skólaskrifstofu Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands að undirbúa þingið.

Menntaþingið var síðan haldið í Gunnarsholti 4. mars sl. og voru þátttakendur um 80 talsins. Á þingið komu fulltrúar allra skólastiga frá leikskólum til háskólastofnana, sveitarstjórnarmenn og annað áhugafólk. Var það mál manna að þingið hefði bæði verið fróðlegt og gagnlegt. Aðstæður og móttökur voru sérstaklega góðar og gaman að kynna starfsemi sem fram fer í Gunnarsholti. Að loknum fyrirlestrum voru umræður í hópum, þar sem umræðuefnin voru eftirfarandi: a. Að efla tengsl milli skólastiga b. Ný tækifæri í menntun á landsbyggðinni/dreifbyggðum svæðum. c. Hlutverk sveitarstjórna í menntun Niðurstöður þingsins verða væntanlega nýttar við mótun menntastefnu fyrir svæðið í tengslum við sóknaráætlun Suðurlands. Eydís Indriðadóttir formaður menntamálanefndar SASS setti menntaþingið, fundarstjóri var Kristín Hreinsdóttir framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands.



Eftirfarandi erindi voru flutt á menntaþinginu:

Kynning á Gunnarsholti. Sveinn Runólfsson forstjóri Landgræðslunnar.

Samfella í námi á mörkum grunn- og framhaldsskóla. Þórunn Jóna Hauksdóttir framhaldsskólakennari.

Samfella í námi og leik- og grunnskóla með sértöku tilliti til lestrarnáms.

Guðrún Þórunna Jónsdóttir deildarstjóri sérkennslu.

Nýjar námskrár í leik-, grunn- og framhaldsskóla og ný framhaldsfræðslulög:

Sóknarfæri fyrir Suðurland. Sigurjón Mýrdal og Guðni Olgeirsson, Menntamálaráðuneyti

Rými grunnskólastjórnenda til stjórnunar og forystu. Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi og MPA.

Ný tækifæri í framhaldsfræðslu og símenntun Valgerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja

Ný tækifæri í háskólamenntun

Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands

Framtíðarmöguleikar í menntun á Laugarvatni Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor H.Í. á Laugarvatni

Lærum allt lífið - ný tækifæri í menntun út frá hugmyndum lærdómssamfélagsins.

Ragnhildur Jónsdóttir verkefnisstjóri Þekkingarnets Austurlands á Höfn,

Eyjólfur Guðmundsson skólameistari FAS og Þorvarður Árnason forstöðumaður Háskólasetursins á Hornafirði

Tillögur menntamálanefndar SASS til ársþings SASS 2011

Menntun fyrir alla

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur ríka áherslu á uppbyggingu menntunar á öllum skólastigum og góðrar aðstöðu til fjarkennslu í öllum fjórðungnum. Gott aðgengi að menntun er ein mikilvægasta forsenda byggðar í landinu og stuðlar að nýsköpun í atvinnulífi. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að efla aðgengi fólks að endur- og símenntun.

Verknámshús við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, skorar á stjórnvöld að láta hefja nú þegar hönnun viðbyggingar við verknámshús Fjölbrautaskóla Suðurlands á grundvelli þarfagreiningar sem liggur fyrir. Sveitarfélögin hafa þegar lagt fram fé til verkefnisins. Skorað er á ríkisstjórn og Alþingi að tryggja fjármagn til verkefnisins á næstu fjárlögum þannig að verkið geti hafist sem fyrst og stefnt verði að verklokum fyrir haustið 2014. Mikla áherslu þarf að leggja á að vinna gegn brottfalli úr framhaldsskólum með félagslegri og námslegri nálgun og þess vegna er aukið og fjölbreytt verknám við framhaldsskólann grundvallaratriði. Ljóst er að brottfall úr framhaldsskólum og hátt hlutfall fólks sem hefur aðeins lokið grunnskólanámi er verulegt vandamál sem ráða þarf bót á, ekki síst með tilliti til aukins atvinnuleysis einkum hjá ungu fólki og minna menntuðu. Því er þörf stórataks sem tryggir fjölbreytt tækifæri til náms- og endurmenntunar. Bygging verknámshúss við Fjölbrautaskóla Suðurlands er nauðsynlegt skref í þá átt.

ART verkefnið á Suðurlandi

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, skorar á ríkisvaldið að tryggja nauðsynlegar fjárveitingar til ART verkefnisins á Suðurlandi. ART verkefnið hefur staðið frá árinu 2006. Nú starfa 3 sérfræðingar í 2,5 stöðugildum við meðferð og ráðgjöf úti í skólunum sjálfum. Mjög mikilvægt er að gerður verði samningur á milli sveitarfélaganna og ríkisins til nokkurra ára þannig að rekstur þess verði tryggður. ART verkefnið skiptir miklu máli fyrir fjölmarga einstaklinga og fjölskyldur auk þess að styrkja skólastarf á Suðurlandi í heild.

Háskólafélag Suðurlands og önnur þekkingarsetur á Suðurlandi

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, lýsir yfir ánægju með starfsemi Háskólafélags Suðurlands og leggur áherslu á að sveitarfélög standi áfram þétt að baki félagsins. Einnig leggur ársþingið áherslu á að ríkisvaldið tryggi félaginu og þeim háskóla- og þekkingarsetrum sem þegar eru starfandi í fjórðungnum áframhaldandi fjármagn til reksturs starfseminnar. Jafnframt skorar ársþingið á

aðildarsveitarfélögin að efla samstarf sitt við háskóla- og þekkingarsetur á svæðinu. Þá fagnar ársþingið stefnu mennta- og menningarmálaráðherra í málefnum opinberu háskólanna þar sem m.a. kemur fram að fjarkennsla verði notuð í auknum mæli til að bjóða upp á fjölbreytt nám víða á landinu með samstarfi við þekkingarsetur og símenntunarmiðstöðvar. Mjög mikilvægt er að greiða fyrir aðgangi fullorðins fólks að framhalds- og háskólanámi á Suðurlandi og ekki síst þegar kreppa ríkir í atvinnumálum. Þar gegna háskólafélagið og símenntunarmiðstöðvarnar lykilhlutverki.

Háskólanám í matvælafræði

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, leggur til að kannaðir verði möguleikar á að Háskóli Íslands í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands komi á fót grunnnámi í matvælafræði/matvælaæknifræði á Suðurlandi en það nám hefur átt undir högg að sækja við H.Í. á undanförunum árum Bent er á í þessu sambandi að á Suðurlandi er mikil og fjölbreytt matvælaframleiðsla auk þess sem Matvælastofnun er staðsett á Selfossi og starfsstöð MATÍS á Flúðum hefur nýlega tekið til starfa.

Stefnumótun í menntamálum á Suðurlandi

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið í Vík 28. og 29. október 2011, samþykkir að hafin verði vinna við stefnumótun í menntamálum fyrir starfssvæði samtakanna og nái til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskólamenntunar og sí- og endurmenntunar. Nýtt verði þau tækifæri sem felast í nýjum námsskrám leik- grunn- og framhaldsskóla og jafnframt verði erindi og niðurstöður menntaþings í Gunnarsholti síðastliðið nýttar við stefnumótunina. Hugað verði sérstaklega að aukinni samfellu í námi og tengsl skólastiga verði aukin. Menntanefnd SASS í samvinnu við starfshóp sem stóð að undirbúningi menntaþings í Gunnarsholti verði falið að hrinda verkefninu úr vör.

Jafnframt skorar ársþingið á aðildarsveitarfélögin að móta hvert fyrir sig eigin skólastefnu sem endurskoðuð sé reglulega.

Í október 2011,

Eydís Indriðadóttir,
Helgi Kjartansson,
Ninna Sif Svavarsdóttir,
Brynhildur Jónsdóttir,
Helga Björk Ólafsdóttir